

Ákvæði til bráðabirgða.

Gildi reglna þessara er háð því að frumvarp um breyting á lögum um embættiskostnað presta og aukaverk þeirra nr. 36 8. september 1931 verði að lögum. Meðan svo er ekki, taka reglur þessar ekki gildi, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 11. gr., og skulu þá eldri reglur um greiðslu embættiskostnaðar gilda.

Reykjavík, 10. desember 1998.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.

31. desember 1998

Nr. 817

BÆJANÖFN O.FL.

Menntamálaráðuneytið hefur – samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 193 um bæjanöfn o.fl. – gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á tímabilinu 1. janúar til 31. júlí 1998:

Í umdæmi sýslumannsins á Selfossi:

Ósavatn á skógræktarbýli úr landi Egilsstaða I, Villingaholtshreppi, Árnessýslu, Myrkholt á hrossaræktar- og þjónustubýli úr landi Kjóstaða II, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu, Mön á loðdýrabýli úr landi Ása, Gnúpverjahreppi, Árnessýslu og Brúnir á smábýli/lögbýli úr landi Gnúpverjahrepps (upphaflega landi Skaftholts), Árnessýslu.

Menntamálaráðuneytinu, 31. desember 1998.

F. h. r.

Árni Gunnarsson.

Karitas H. Gunnarsdóttir.

31. desember 1998

Nr. 818

SAMÞYKKTIR

**um breytingu á samþykktum nr. 196/1997
fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.**

1. gr.

Grein 2 orðast svo:

Sjóðurinn starfar í þremur deildum, A-deild, B-deild og séreignardeild (S-deild). Um aðild að hverri deild um sig fer eftir II. og X. kafla samþykktu þessara. Fjárhagur deildanna skal vera aðgreindur. Rekstrarkostnaði skal skipt á milli þeirra í hlutfalli við umfang hvernar deildar í rekstri sjóðsins samkvæmt nánari reglum er stjórn sjóðsins setur.

2. gr.

Fyrirsögn yfir 3.–7. gr. (verður 3.–9. gr.) verði þannig:

Stjórn sjóðsins, starfsmenn og innra eftirlit.